

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 30. janúar 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-100/2012:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 21. nóvember sl. bað X, f.h. snyrtistofunnar Z, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á bor, sem hún keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst skaðabóta eða riftunar.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 28. nóvember sl. gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 3. desember. Með bréfi, dags. 5. desember, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frest til þess til 19. desember. Engin frekari gögn bárust nefndinni.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni er rakið að álitsbeiðandi keypti bor af seljanda hinn 19. apríl 2008 fyrir kr. 400.000. Í október sama ár bilaði borinn og var hann í kjölfarið sendur erlendis til viðgerða. Tók sú viðgerð sex mánuði. Eftir viðgerðina virkaði tækið í um níu til tíu mánuði og bilaði þá aftur. Í það skipti fór viðgerð fram hérlendis og tók um þrjú mánuði. Segir álitsbeiðandi að um mjög tæknilegan bor sé að ræða og ekki á hvers manns færi að gera við hann. Hafi borinn alla tíð verið gallagripur og seljandi þvertækið fyrir að bera meiri kostnað af viðgerðum á honum, né heldur fallist á að afhenda álitsbeiðanda nýjan bor. Kveðst álitsbeiðandi hafa látið skoða borinn sl. vor og hafi þá komið í ljós að tölvukerfi hans var bilað og líklega heppilegast að senda borinn í viðgerð til framleiðanda.

Þá rekur álitsbeiðandi að hún hafi talið sig vera að kaupa bor af tegundinni „Bentlon“ en utan á bornum hafi verið slíkt merki. Hins vegar hafi komið í ljós að það merki var ekki upprunalegt og efiir að hafa tekið það af kom í ljós að borinn var með merkinu „Sixtus“. Þessu til stuðnings sendi álitsbeiðandi mynd af bornum þar sem greinilega má merkja ofansagt. Í kjölfar þessa hringdi álitsbeiðandi í framleiðanda sem hafi upplýst hana um að hann hefði hætt að framleiða vöru fyrir það merki fyrir um 8-9 árum. Um hafi verið að ræða sérstakt merki og ekki hafi verið límt ofan á það annað merki hjá framleiðanda. Álitsbeiðandi telur því að hér geti verið um svik að ræða, þar sem hún virðist hafa fengið afhenta eldri vöru og af annarri gerð en hún taldi sig vera að kaupa.

Krefst álitsbeiðandi þess að fá borinn bættan eða endurgreiddan að fullu.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur fram að borinn sé kominn úr ábyrgð hjá seljanda, sem sé eitt ár, en þar sem seljandi sé umboðsaðili fyrir tækið geti hann að sjálfsögðu sent það til viðgerðar hjá framleiðanda, en þá á kostnað álitsbeiðanda. Borinn hafi verið keyptur hinn 19. apríl 2008 og segist seljandi því ekki muna nákvæmlega hvernig viðgerðum á tækinu var háttað á sínum tíma, en hann muni þó að tækið fór erlendis til viðgerðar, þó hann muni ekki

hvenær. Telur seljandi hins vegar ólíklegt að tækið hafi verið í viðgerði í sex mánuði. Hins vegar hafi seljandi lánað álitsbeiðanda annan bor á meðan tækið var í viðgerð og því hefði hinn langi tími ekki átt að koma að sök.

Kveðst seljandi ekki hafa vitað annað en tækið hafi verið í góðu lagi eftir umrædda viðgerð hjá framleiðanda og mundi ekki eftir að hafa verið tilkynnt um síðari bilun á því, en tók þó fram að venjulega hefði tækið verð sent aftur erlendis til viðgerðar hjá framleiðanda, en ef um smávægilega bilun hefði verið að ræða hefði innlent fyrirtæki eflaust geta leyst úr því.

Segir seljandi að merkið á tækinu geti vart skipt máli, enda sé framleiðandinn sá sami, þ.e. „Bentlon“ í Hollandi. Þá vísar seljandi því á bug að hann hafi selt álitsbeiðanda gamalt tæki, tækið hafi verið nýtt og ónotað.

V

Niðurstaða kærunevndarinnar

Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Í álitsbeiðni kemur fram að álitsbeiðandi keypti bor þann sem deilt er um hinn 19. apríl 2008. Seinni part sama árs fór borinn í viðgerð sem tók um 6 mánuði. Eftir viðgerðina virkaði borinn í 9-10 mánuði en bilaði þá aftur og fór enn í viðgerð sem tók um 3 mánuði. Að seinni viðgerð lokinni má ráða að um tvö ár hafi verið liðin frá því kaup fóru fram. Rúmum tveimur árum síðar kvartaði álitsbeiðandi til kærunevndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla í bornum. Verður ekki ráðið af gögnum máls að álitsbeiðandi hafi á því tímabili gert reka að því að gera kröfur á hendur álitsbeiðanda.

Í 32. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup er fjallað um rétt kaupanda til að tilkynna seljanda að hann hyggist bera fyrir sig galla. Þar segir í 1. mgr. að kaupandi glati rétti sínum til að bera fyrir sig galla ef hann tilkynni ekki seljanda þá ætlan sína án ástæðulauss dráttar frá því hann varð galla var. Í 2. mgr. sömu greinar segir að leggi kaupandi ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi sem hann veitti söluhlut viðtöku geti hann ekki síðar borið gallann fyrir sig. Telur kærunevndin rétt að taka fram að þennan rétt hefur kaupandi óháð því hvort seljandi hafi veitt skemmri ábyrgð á hinu selda, þ.e. að skemmri ábyrgð takmarkar ekki heimild kaupanda til að bera fyrir sig galla skv. greininni. Sem fyrr segir tók seljandi við bornum til viðgerðar haustið 2008 og virðist sú viðgerð hafa tekið um 6 mánuði. Ekki er fullljóst hvort síðari viðgerðin, sem virðist hafa farið fram í lok árs 2009 og byrjun 2010 hafi verið á vegum seljanda. Í 35. og 36. gr. laganna er talað um úrbætur og nýja afhendingu og fór a.m.k. fyrri viðgerðin fram skv. þeim ákvæðum. Að mati kærunevndarinnar hófst því nýr frestur kaupanda til að bera fyrir sig galla skv. 32. gr. í kjölfar úrbótanna. Sá frestur leið undir lok, annaðhvort í byrjun árs 2011, sé miðað við fyrri viðgerðina, eða í byrjun árs 2012, sé miðað við þá síðari. Ekki liggur fyrir í málinu að álitsbeiðandi hafi tilkynnt seljanda á ný að hann teldi borinn gallaðan fyrr en hann fór fram á álit kærunevndarinnar hinn 21. nóvember sl. og eru frestir hans skv. 32. gr. til að bera fyrir sig galla því liðnir.

Í 33. gr. laganna kemur hins vegar fram að kaupandi geti, þrátt fyrir ákvæði 32. gr., borið fyrir sig galla ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans er á annan hátt ekki í samræmi við heiðarleika eða góða trú. Á greinin við þegar um er að ræða svik, en álitsbeiðandi hefur borið því við að svo kunni að vera með vísan til þess að hið selda hafi verið af annarri gerð og miklum mun eldra, en álitsbeiðandi taldi sig hafa verið að kaupa. Þessari fullyrðingu hefur seljandi hins vegar hafnað í andsvörum sínum og álitsbeiðandi ekki gert neinn reka að því að færa frekari rök fyrir fullyrðingu sinni, þrátt fyrir að hafa fengið til

Þess tækifæri, en kærunefndin veitti álitsbeiðanda tækifæri til að gera athugasemdir við andsvör seljanda hinn 5. desember sl. og frest til þess að skila þeim til 19. desember. Af þessum sökum verður ekki hjá því komist að hafna kröfum álitsbeiðanda.

VI
Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir